



MENNTASKÓLINN
VIÐ SUND

Menntaskólinn við Sund

Markmið og aðgerðir 2023-2024

Virðing - Jafnrétti - Ábyrgð - Heiðarleiki

Markmið og aðgerðir 2023-2024



Forsendur

- [Rýni stjórnenda](#) frá júní 2023
- Stefnumiðuð [áætlun](#) til 2025
- Markmið og aðgerðir [haustið 2022](#)

Allt gögn sem liggja fyrir á www.msund.is



Megin markmið aðgerðaráætlunar

- Mótun skólabrags.
- Þróun kennslufræði í takt við námskrá MS.
- Faglegt samstarf, starfsþróun og endurmenntun starfsmanna.
- Umhverfismál, gæðamál, stjórnsýsla og rekstur.

Mótun skólabrags

- Stuðlað að jákvæðu og árangursríku samstarfi við nemendur og forráðamenn þeirra.
- Virkja aðstandendur enn betur í starfi foreldraráðs.
- Byggja upp fjölbreytt félagslíf fyrir breiðan nemendahóp þar sem allir fá eitthvað við sitt hæfi.
- Leggja rækt við jákvæðar hefðir í MS og jafnframt móta nýjar.
- Festa í sessi lýðræðislegri vinnubrögð í félagslífinu með áherslu á skýran ramma og siðareglur.
- Efla markvissar forvarnir og virkni í verkefninu „Heilsueflandi framhaldsskóli“.
- Leita leiða til að bæta enn frekar umgengni í skólanum.
- Halda áfram að fylgja aðgerðaráætlun um varnir gegn brotthvarfi.
- Ljúka ritun á samskiptasáttmála og innleiða hann í MS.

Þróun kennslufræði í takt við námskrá MS

- Byggja upp seiglu nemenda.
- Hvetja nemendur til að axla ábyrgð á eigin námi.
- Velliðan í námi samfara aukinni virkni og þátttöku nemenda í náminu.
- Sérstök áhersla á leiðsagnarnám (starfshópur undir stjórn verkefnastjóra).
- Enn betri skilyrði til náms:
 - kennsluhættir og námsmat þar sem styrkleikar hvers og eins fá að njóta sín
 - efla gagnrýna hugsun, félagsfærni og tjáningu nemenda
 - flétta reynsluheim og hugmyndir nemenda enn betur inn í námið

Faglegt samstarf, starfsþróun og endurmenntun

- Framhald á vinnu starfshóps um starfsþróun í skólanum:
 - Konrektor, verkefnastjóri um þróunar- og nýbreytnistarf, verkefnastjóri um starfendarannsóknir, verkefnastjóri um leiðsagnarnám.
- Hvetja starfsmenn til:
 - Þátttöku í starfendarannsóknum.
 - Þátttöku í ýmsum fagviðburðum og námskeiðum eins og Menntafléttu, Utís og Menntakvikku.
 - Að miðla reynslu sinni til annarra t.d. í Menntabúðum.
 - Þátttöku í erlendum samstarfsverkefnum (t.d. Erasmus+ og Nord+) eins og kostur gefst.
- Aukin samskipti við aðra skóla
 - Skipuleggja sameiginlegar Menntabúðir.
 - Heimsækja aðra skóla sem eru að gera spennandi hluti.

Þróun skóla og námsbrauta

- Ljúka endurritun stúdentsbrauta – 200 ein
- Halda áfram ritun starfsbrautar – 240 ein
- Þróa áfram áfangann „Krossgötur“.
- Námsbrauta- og námskrárstjóri leiðir endurskoðun áfanga skólans.

Umhverfismál, stjórnsýsla og rekstur

- Umhverfismál

- Flétta Græn skref, Grænt bókhald og Grænfánaverkefnið inn í **gæðakerfi** og daglegt starf skólans.
- Umhverfisvika á vorönn 2024.
- Fá 3. grænfánann afhentan í maí 2024.
- Efla vistvænan ferðamáta starfsmanna og nemenda.

- Stjórnsýsla

- Viðhalda jafnlaunavottun skólans – viðhaldsvottun sumarið 2024.
- Halda áfram markvissri innleiðingu á **gæðakerfi** skólans.
- Halda áfram að styrkja verklag varðandi persónuvernd og upplýsingaöryggi.

- Rekstur

- Halda áfram að starfa eftir [briggja ára áætlun](#) um rekstur skólans og gera enn betur á því sviði.